



REYKJANESBÆR

Bæjarráð Reykjanesbæjar
Hr. Friðjón Einarsson formaður
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbæ

Reykjanesbæ 14.06.2021

Varðar: Myllubakkaskóli – Staða mála (2021050174)

Í bæjarráði dags. 12.05.2021 var farið yfir erindi skólastjóra Myllubakkaskóla dags. 05.05.2021 vegna áhyggna hennar og starfsmanna skólans varðandi ástands skólans.

Afgreiðsla bæjarráðs var eftirfarandi:

3. Húsnæði Myllubakkaskóla (2021050174)

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfissviðs og Tryggvi Þór Bragason deildarstjóri eignaumsýslu mættu á fundinn. Lagt fram bréf frá skólastjórnendum Myllubakkaskóla.

Bæjarráð felur sviðsstjóra umhverfissviðs og deildarstjóra eignaumsýslu að vinna áfram í málinu.

Það sem gert hefur verið frá því að þessi afgreiðsla fór fram er eftirfarandi:

- Lagnir verða myndaðar (þegar skóla lýkur)
- Undirbúningur við að fjarlægja alla vaskaskápa stendur yfir (þegar skóla lýkur)
- Áætlað er að skipta út gluggum á bókasafni, gangi við bókasafn og ípróttarhúsi (þegar skóla lýkur)
- Skipta um dúk á kennaragangi (þegar skóla lýkur)
- Endurnýja þarf gólf í nemendaeldhúsi (þarf að gerast í sumar)
- Hönnun á starfsmannarými er komin í gang
- Hönnun og útboð á tengibygginu C hönnuð og boðin út, eitt tilboð barst í verkið

Umhverfissvið leggur til að farið verði í að skoða og meta hvort tími sé kominn að taka skólann í uppfærslu í heild. Farið verði yfir hvað fæst út úr endurhönnun byggingarinnar sú framkvæmd sé kostnaðarmetin og útfært með hvaða hætti það er framkvæmanlegt. Þar til sú ákvörðun verður tekin hvort farið verði í umfangsmiklar breytingar verði beðið með allan „bútasam“ við viðgerðir á skólanum.

Virðingarfyllst

Guðlaugur H Sigurjónsson
Sviðsstjóri Umhverfissviðs

Fylgigögn:

Dreifing :
Kjartan Már Kjartansson
Bæjarstjóri Reykjanesbæjar